

## 9 Stjórnarfundur 11.sept 09

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Sigrún Þórðardóttir, Þorvarður Helgason, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Sigfús Helgason, Marianna Gunnarsdóttir og Gunnar Sturluson.

Oddrún Ýr Sigurðardóttir, starfsmaður LH ritar fundinn.

### 1. Fundargerð síðasta fundar kynnt og yfirfarin, var hún samþykkt án breytinga.

### 2. Reiðvegamáli

Halldór Halldórsson kom og kynnti stöðu reiðvegamála. Eftirfarandi mál voru kynnt: Reikna má með 10 % niðurskurði reiðvega á næsta ári en endanleg niðurstaða er ekki komin. Reiknað er með að Vegagerðin standi við skuldbindingar sem hafa verið samþykktar af stofnuninni samtímis hefur verið gefið til kynna að þeir fjármunir sem Samgönguráðuneytið hefur úthlutað Vegagerðinni til reiðvegamála verði dregnir tilbaka. Telur stjórn LH afturköllun reiðvegafjár lögbrot og mun LH skoða lagalegan rétt sinn gagnvart Vegagerðinni ef slíkt verður að veruleika.

Eftirfarandi bókun var gerð af stjórn LH.

**Bókun:** Stjórn LH lýsir yfir óánægju sinni vegna vanefnda Vegagerðarinnar á úthlutun á reiðvegafé á árunum 2008 og 2009. Jafnframt samþykkir stjórn LH að ráðinn verði lögfræðingur til að fara með mál f.h. LH vegna ofangreinds.

HH/HP munu eiga fund með Vegagerð og kynna niðurstöður á næsta stjórnarfundum.

### 3. Bréf frá Samgögnunefnd

Bréf frá Samgögnunefnd vegna Áningahólfasjóðs, bréfi þessu verður svarað formlega til Samgögnunefndar eftir helgi. HP mun svara Samgögnunefnd og kynna stöðu Áningahólfasjóðs.

### 4. Skógarhólar ehf.

Samþykkt var að stofna hlutafélag um Skógarhóla, *Skógarhólar ehf.* Rætt var hvernig eignir LH „Skógarhólar“ yrðu metnir inn í nýtt hlutafélag. Nefnd vinnur að tillögum um framtíðarskipulag Skógarhóla.

HP mun skipa samninganefnd sem mun vinna að samkomulagi við Þingvallanefnd um framtíðarskipulag *Skógarhóla ehf.*

### 5. Heimsmeistaramót 2009

HP kynnti helstu niðurstöður af síðastliðnu Heimsmeistaramóti. Var stjórn sammála um að árangur liðsins væri nokkuð góður, þrátt fyrir vandamál sem komu upp á meðan mótinu stóð. Formaður Landsliðsnefndar og Landsliðsnefndar mættu á fundinn og kynntu drög að skýrslum sínum. Stjórn LH óskar eftir því að skýrslum verði skilað fyrir næsta stjórnarfund og munu stjórnarmenn senda spurningar um einstaka atriði á Landsliðsnefnd sem þeir telja að jafnframt þurfi að koma fram í skýrslunni.

Miklar umræður urðu innan stjórnar um málefni landsliðsins í heild og var ákveðið að halda fund með starfsfólki LH, nefndarmönnum og þátttakendum um skipulag og alla verkferla sem viðkoma HM.

Stjórn óskar einnig eftir að skýrslur komi frá dýralækni liðsins og knöpum fyrir næsta stjórnarfund. Mikil ánægja var með Liðsbikar FEIF.

**6. Formannafundur**

Verður haldin 6. nóvember í húsakynnum ÍSÍ. Undirbúningur verður í höndum skrifstofu LH. Kalla verður eftir skýrslum frá nefndum LH og um leið óska eftir tillögum að umræðefni á fundinn.

**7. LM ráðstefna**

HP kynnti hugmyndir af ráðstefnu um Landsmót. Samþykkt að halda ráðstefnuna 23.10.2009. HP í samvinnu við Jónu Fanneyju Friðriksdóttur framkvæmdarstjóra Landsmóts ehf. munu sjá um skipulag.

**8. Æskulýðsráðstefna**

Ákveðið var að halda æskulýðsráðstefnu 10.10.2009. ÞH ásamt æskulýðsnefnd munu sjá um skipulag.

**9. U21 nefnd**

Helga B. Helgadóttir hefur óskað eftir því hættu í U21 nefndinni og tilnefnið Æskulýðsnefnd Sóleyju Margeirsdóttur í hennar stað og var samþykkt. Drög að starfslýsingu U21 var kynnt fyrir stjórn, fjallað verður um starfslýsingu U21 nánar á næsta stjórnarfund.

**10. Dómararáðstefna GDLH**

Ákveðið var að halda dómararáðstefnu í samvinnu við dómarafélögin. OÝS mun sjá um skipulag og kynna fyrir stjórn þegar nær dregur.

**11. Smitsjúkdómar og viðbrögð**

Ákveðið var að biðja Sigríði Björnsdóttur og Gunnar Örn að halda opinn fund um „*Hvernig skal bregðast við smitsjúkdómum í hesthúshverfu*“, fyrir aðildarfélög LH.

**Önnur mál**

**a. Staðarval á Landsmóti**

SÆ spurðist fyrir um hvernig staðan væri á ákvörðanatöku staðarvals Landsmóta 2012 og 2014. HP svaraði því að Mannvirkjanefnd væri í úttektarferli á þeim stöðum sem hefðu skilað inn umsóknnum. Mannvirkjanefnd mun skila niðurstöðum nefndarinnar á úttekt sinni nú í október. Í framhaldi af því verða teknar ákvarðanir um framhaldið.

**b. Uppskeruhátíð hestamanna**

HP sagði frá samvinnu FHB og LH. HP og Kristinn Guðnason munu skila inn tillögum um hvernig hátíðin verði haldin í ár fyrir næsta stjórnarfund. Samþykkt var að HP myndi klára málið í samvinnu við FHB.

**c. Íslandsmót 2010**

SÆ óskaði eftir því að staðfest væri staðarval Íslandsmóts 2010, rangt er haft eftir í þingfundargerð eftir síðasta Landsþing að Íslandsmót ætti að vera 2011 í Hafnarfirði, bæði barna og fullorðins. SÆ benti á að Íslandsmót barna 2010 ætti að halda í Hafnarfirði.

**d. Kjör á Íþróttamanns/konu hestamanna**

SÆ, SV og MG skila tillögum að valnefnd Íþróttamanns hestamanna og þær kynntar fyrir 18. september, óskað er eftir því að skrifstofa LH sendi fyrirnefndum aðilum þær reglur sem hafa verið í gildi fyrir 15. september.

**e. Hestatorg**

Stjórn óskar eftir uppgjöri frá Hestatorgi og skýrslu frá verkefnisstjóra Hestatorgs.

Annað ekki tekið fyrir og HP mun boða til næsta fundar.

Fundi lokið 18:00